Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 9. nóvember 2026
26103999/005.05 BR

Efni: Umsögn umhverfissviðs. Áramótabrenna

Undirrituðum var falið að rita umsögn varðandi erindi er lagt var fram á fundi bæjarráðs 29. október um tillögu að áramótabrennu. Sérstaklega var óskað svara um:

1. Hvaða staðir koma til greina og hvernig þeir standast kröfur um fjarlægð frá íbúðabyggð, aðkomu og öryggi
2. Hvaða leyfi þarf og hvernig þeirra verður aflað fyrir gamlárskvöld
3. Áætlaður kostnaður.

Brennur í Kópavogi

Við leit í skjalasafni og á timarit.is fundust engar færslur um áramótabrennur fyrir 2008 þegar Breiðablik var með áramótabrennu við Smárahvammsvöll. Einnig bar uppfletting í starfsmanni umhverfissviðs með lengsta starfsaldurinn, lítinn árangur. Það voru þó haldnar brennur áður fyrr og man undirritaður eftir áramótabrennu vestast á Kársnesi, á malarvelli við Ásbraut og malarvelli á Víghól. Áður fyrr sáu íbúar um að safna brennuefni og sjá um brennuna og sennilega hefur Kópavogsbær aðstoðað í einhverjum tilfellum.

Fyrsta skráða heimildin í skjalasafninu fyrir áramótabrennu er árið 2008 þegar Breiðablik hélt brennu við Smárahvammsvöll. Áður nefndur starfsmaður umhverfissviðs með langa starfsaldurinn, mundi þó eftir að Breiðablik hefði byrjað að halda brennur einhverjum árum fyrr, við tjörnina í Kópavogsdal þar sem nú er fótboltavöllur. Þá var leyft fyrirtækjum og einstaklingum að setja efni í brennuna eins og þeim þóknaðist og voru stórvirkar vinnuvélar notaðar til að ýta upp stórum bálkesti. Logaði og rauk oft úr brennunni nokkra daga á eftir. Þessu fyrirkomulagi var hætt eftir að gaskútar fundust í bálkestinum, sem betur fer áður en kveikt var í. Við leit í loftmyndasafni sést að fótboltavöllurinn er kominn við Kópavogstjörn og búið að útbúa brennusvæði rétt vestan við Smárahvammsvöll árið 2002. Það virðist vera að Breiðablik hafi verið með brennu við Smárahvammsvöll allt til ársins 2019 þegar hún var færð á malarplan sunnan við Fífuna sökum fjarlægðarkrafna frá íbúðarhúsum.

Árin 2020 og 2021 féllu brennur niður vegna samkomutakmarkana.

Brennur sem hafa verið staðsettar við Kópavogstjörn, við Smárahvammsvöll og sunnan við Fífuna hafa ávallt verið á forræði Breiðabliks en Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

aðstoðað við efnisöflun og uppröðun á bálkesti. Breiðablik nýtti brennurnar sem fjáröflunarlind og tók á móti ferðamönnum í léttar veitingar gegn greiðslu. Síðustu árin var farið að bera á takmörkuðum áhuga á að halda þessar brennur þar sem innkoman var lítil samanborið við þá vinnu sem lögð var í þetta. Árið 2022 barst engin umsókn frá Breiðablik og sennilega hefur félagið ákveðið að láta staðar numið.

Skilyrði fyrir brennu

Sækja þarf um leyfi til sýslumanns, fá jákvæða umsögn slökkviliðsstjóra og starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Krafa er að á brennustæði skuli jarðvegur vera leirkenndur, þykkur og þéttur eða sandbera skuli undirlag nægilega langt svo að jarðvegur og gróður skemmist ekki.

Bálköstur má ekki vera í nálægð við mannvirki eða náttúruminjar sem eldur getur spillt eða grandað.

Samkvæmt gildandi samræmdum starfsskilyrðum[1] Umhverfisstofnunar fyrir brennur stærri en 100 m³ gildir að bálköstur skuli vera:

- a.m.k. 300 m frá íbúðarbyggð.
- a.m.k. 400 m frá sjúkrastofnunum, matvælaframleiðslu og öðrum viðkvæmum rekstri.

Bent er á að 100 m^3 jafngildir keilulaga bálkesti sem er 9 m í þvermál og 4,5 m hæð.

Aðgangur skal vera að nægjanlegu slökkvivatni og bálköst skal ekki staðsetja þar sem hætta er á að eldur eða neistaflug geti kveikt í gróðri. Brenna skal standa skemur en 4 klst. og hreinsa skal brennusvæði strax á fyrsta virka degi eftir brennu. Við hreinsun á brennusvæði skal meðhöndla jarðveg sem spilliefni.

Ekki má kveikja upp í brennu ef meðalvindhraði er meiri en 10 m/s eða ef vindátt eða veðurlag er óhagstætt að mati slökkviliðs eða lögreglu. Eftirlit skal vera með brennustæði frá því að söfnun hefst og þar til brenna er kulnuð og brennustæði hefur verið hreinsað.

Fyrir brennu minni en 100 m^3 sem skilgreinist þá sem lítil brenna eru sett í mörk í reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, að megi loga í henni í að hámarki 1 klst. og standast standast áhættumat út frá eldhættu, mannvirkjum, gróðri, veðri og möguleikum til slökkvistarfs.

Staðsetningar

Í upptalningu hér á eftir er aðeins verið að skoða opin svæði í Kópavogi sem gætu komið til greina og ekki verið að leggja mat á önnur sjónarmið heldur en fjarlægð frá íbúðabyggð. Í sumum tilfellum væri brenna á svæðunum óhugsandi þótt fjarlægðamörk séu nægjanleg. Ekki er verið að leggja til eða mæla með neinu svæði umfram annað.

[1] https://www.ust.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=d4191022-96bc-11ee-9bc1-c49df86958f0

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is



Mynd 1. Malarplan sunnan við Fífu. Fjarlægð að mannvirki 180 m. Fjarlægð að íbúðabyggð 200 m




Mynd 2. Kópavogstún. Fjarlægð að íbúðabyggð 140 m



Mynd 3. Fossvogsdalur neðan við Kjarrhólma. Fjarlægð að íbúðabyggð 180 m

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is



Mynd 4. Glaðheimasvæði. Fjarlægð að mannvirki 220 m. Fjarlægð að íbúðabyggð Álalind 340 m. Fjarlægð að íbúðabyggð Garðabær 230 m



Mynd 5. Lóð við Skógarlind 1. Fjarlægð að mannvirki 90 m. Fjarlægð að íbúðabyggð 220 m

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is




Mynd 6. Ónýtt svæði innan kirkjugarðslóðar. Fjarlægð að íbúðabyggð 260 m




Mynd 7. Golfvöllur GKG. Fjarlægð að íbúðabyggð 145 m

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is



Mynd 8. Malarsvæði við Kórinn. Fjarlægð að mannvirki 75 m. Fjarlægð að íbúðabyggð 100 m




Mynd 9. Ofan við Landsenda. Fjarlægð að matvælavinnslu 160 m. Fjarlægð að mannvirki 130 m. Fjarlægð að íbúðabyggð 230 m



Mynd 10. Vatnsendakrókur. Fjarlægð að íbúðabyggð 200 m

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is



Mynd 11. Vatnsendahlíð. Fjarlægð að íbúðabyggð meira en 300 m



Mynd 12. Vatnsendahæð. Fjarlægð að íbúðabyggð 270 m

Svæðin í Vatnsendahlíð og á Vatnsendahæð eru þau einu sem uppfylla fjarlægðar skilyrði fyrir brennu að stærð 100 m^3 eða stærri. Staðsetning í Vatnsendahlíð kallar á að gera þarf umtalsverðar aðlaganir sökum gróðurs og hættu á gróðureldum og óvíst hvort jákvæð umsögn fáist frá slökkviliðsstjóra. Einnig er staðsetning í nágrenni vatnsverndarsvæðis en meðhöndla skal brennuúrgang sem um mengaðan úrgang sé að ræða. Flytja þyrfti vatnsbíl eða vatnsbíla til að tryggja aðgengi að slökkvivatni. Tryggja þyrfti aðgengi almennings og gera ráð fyrir hægt væri að taka á móti fjölda bíla á svæðið.

Á Vatnsendahæð er fjarlægð að íbúðabyggð frá þeim stað sem fyrirhugaður grunnskóli skal rísa 260 m en hægt væri að færa brennusvæðið fjær inn á óbyggðar lóðir með leyfi lóðarhafa. Svæðið er framkvæmdasvæði og tryggja þyrfti aðgengi og öryggi almennings. Einungis gæti verið hægt að hafa brennu á Vatnsendahæð í

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

ár.Mögulegt brennusvæði er efst á hæðinni og berskjaldað fyrir veðri og vindum. Samkvæmt reglum má meðalvindur ekki vera meiri en 10 m/s til að mega kveika í brennu.

Kostnaðaráætlun

Erfitt er að meta kostnað nákvæmlega en meta þyrfti á hverjum stað hvaða ráðstafanir þyrfti nauðsynlega að gera. Í Vatnsendahlíð þyrfti að fara í talsverðar jarðvegsframkvæmdir með að útbúa öruggt brennusvæði og aðstöðu svo bílar geti lagt án þess að teppa umferð. Ávallt þarf að tryggja að aðkoma neyðarbíla sé óskert og hafa þarf mannskap í umferðarstjórnun og fólksfjöldastýringu. Ómögulegt er að segja til um hvort gera þurfi sérstakar ráðstafanir gagnvart vetrarfærð o.s.frv.

Gróft áætlað gæti kostnaðar við Vatnsendahlíð hlaupið frá 11 m.kr. og upp úr. Háð umfangi á aðstöðusköpun. Kostnaður á Vatnsendahæð gæti verið frá 7 m.kr.

Lokaorð

Af framangreindu má ráða að möguleikar á að halda áramótabrennu í Kópavogi eru takmarkaðir, einkum vegna þéttrar byggðar og þeirra krafna sem gerðar eru til fjarlægðar frá íbúðarbyggð, mannvirkjum og viðkvæmri starfsemi. Af þeim svæðum sem skoðuð voru koma Vatnsendahlíð og Vatnsendahæð helst til greina fyrir stærri brennu. Bæði svæðin kalla þó á sérstakar ráðstafanir til að tryggja öryggi, aðkomu, slökkvivatn og aðstöðu fyrir almenning.

Vatnsendahlíð uppfyllir fjarlægðarkröfur en gróður, hætta á gróðureldum og nálægð við vatnsverndarsvæði geta torveldað leyfisveitingar og kallað á umtalsverðar framkvæmdir. Vatnsendahæð kann að vera raunhæfari kostur til skemmri tíma, en þar þarf jafnframt að taka mið af framkvæmdum á svæðinu, samþykki lóðarhafa, aðgengi almennings og mögulegum vind.

Áætlaður kostnaður gæti numið frá um 7 m.kr. á Vatnsendahæð og frá um 11 m.kr. í Vatnsendahlíð, auk ófyrirséðs kostnaðar.

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

Rafræn skilríki

Undirritað af: Birkir Rútsson

Tími: 09.11.2026 16:21
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign